



Garðabær, 17. mars 2020

Kæru nemendur og aðstandendur í Garðaskóla

Skólastarf gekk ákaflega vel í Garðaskóla í dag og við viljum hrósa nemendum fyrir að koma einbeittir og jákvæðir til starfsins við mjög breyttar aðstæður.

Í þessu bréfi nefni ég nokkur atriði því við erum ennþá að fínþússa skipulagið hjá okkur. Við munum senda daglega skilaboð um starfið á Facebook síðu skólans og hvetjum alla foreldra til að fylgjast með með skilaboðum þar:

<https://www.facebook.com/Gar%C3%B0ask%C3%B3li-635137559954040/>

### Stundaskrá skólans:

- 8. bekkur byrjar kl. 8.30 frá og með miðvikudeginum 18. mars. Kennslustundinni lýkur kl. 10.20
- Við munum láta stundaskrá árganganna rúlla milli vikna. Þannig að í næstu viku mætir 10. bekkur kl. 8.30, 9. bekkur kl. 13.20 og 8. bekkur kl. 10.55. Í þarnaestu viku hníkast svo hóparnir áfram þannig að 8. bekkur mætir þá kl. 13.20, 9. bekkur kl. 8.10 og 10. bekkur kl. 10.55. Skýrari mynd er á vef skólans: <http://gardaskoli.is/forsida/frettir/frett/2020/03/17/Stundaskra-nemenda-18.-mars-3.-april/>

### Umgengni um skólann:

- Við höfum lokaðar dyr á göngum skólans til að takmarka umferð nemenda í húsinu.
- Búið er að merkja salerni þannig að nemendur nota aðeins salerni sem merkt hafa verið bekknum þeirra.
- Í lok skóladags biðjum við nemendur að þrifa borðplötur, lyklaborð og aðra helstu snertifleti. Þetta gerum við til að auka meðvitund þeirra um mikilvægi hreinlætis og virkja þá til ábyrgðar í stöðunni.
- Nemendur geta ekki skilið námsgögn eftir í skólastofum vegna þess að það truflar þriffin í húsinu. Við hvetjum nemendur til að velja vel hvaða bækur þeir koma með í skólann og skipta um námsgögn heima milli daga. Ekki er gott að vera með öll gögn í töskunni því það er of þungt að bera.

### Viðveruskráning:

- Nýjar stundatöflur eru komnar í Innu.
- Foreldrar tilkynna um leyfi og veikindi í Innu.
- Ef nemandi hefur verið skipað í sóttkví af almannavörnum biðjum við foreldra um að hafa samband við Ástu Huld Henrysdóttur, deildarstjóra, og láta hana hafa upplýsingar um málið. Netfangið hennar Ástu Huldar er [astahuld@gardaskoli.is](mailto:astahuld@gardaskoli.is).
- Í Innu er komin ný fjarveruskráning sem heitir „sóttkví“. Þessi skýring er notuð að beiðni almannavarna fyrir þá nemendur sem skipað hefur verið í sóttkví.
- Nemendur sem eru heima að ákvörðun foreldra í því ástandi sem nú er uppi verða skráðir í leyfi. Þetta er breyting frá því sem við höfum gert í einhverjum tilfellum og munum við fara yfir skráningar í Innu og breyta veikindum í leyfi þar sem þessi skýring á við.

Með samstarfskveðju,  
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla